



Seyðisfjarðarkaupstaður

GREINAGERÐ MEÐ FJÁRHAGSÁÆTLUN 2019 - 2022

Efnisyfirlit

Almennt.....	4
Viðmið fjárhagsáætlunar	4
Tekjuforsendur	5
Útgjaldaforsendur	5
Helstu niðurstöður fjárhagsáætlunar 2019.....	5
00 Skatttekjur	6
Útsvar	6
Jöfnunarsjóður.....	6
Fasteignagjöld	6
Gjaldskrár	7
02 Félagsþjónusta.....	7
03 Heilbrigðismál.....	8
04 Fræðslu- og uppeldismál	8
05 Menningarmál.....	8
06 Æskulýðs- og íþróttamál.....	8
07 Brunamál og almannavarnir	8
08 Hreinlætismál.....	9
09 Skipulags og byggingamál	9
10 Umferðar og samgöngumál.....	9
11 Umhverfismál	9
13 Atvinnumál.....	9
21 Sameiginlegur kostnaður.....	10
22 Breyting lífeyrisskuldbindinga.....	10
28 Fjármagnsliðir	10
31 Eignasjóður.....	11
33 Þjónustustöð	11
41 Hafnarsjóðu.....	11
43 Vatnsveita	12
55 Leigueignir	12

57 Félagslegar íbúðir	12
61 Fráveita	12
Framkvæmdir og fjárfestingar 2019	13
Eignasjóður	14
Hafnarsjóður	14
Vatnsveita	14
Fjármögnun	14
Þriggja ára áætlun	15
10 ára áætlun	15

Almennt

Eins og lög gera ráð fyrir er samhliða fjárhagsáætlun fyrir næsta ár lögð fram þriggja ára áætlun fyrir árin 2020 til 2022. Undirbúningur og vinna við gerð fjárhagsáætlunar hófst síðastliðið vor með samþykkt og úthlutun fjárhagsramma sem er grunnur að þeirri tillögu að fjárhagsáætlun sem hér er lögð fram. Fjárhagsáætlunin hefur verið unnin eftir tímasettri áætlun og römmum um fjárheimildir sem byggja á þriggja ára áætlun 2019 til 2021. Forstöðumenn og starfsfólk áttu fundi við bæjarráð og bæjarstjóra við undirbúning fjárhagsáætlunar, þar komu fram upplýsingar um helstu áhersluatriði og þörf í rekstri, viðhaldi og nýframkvæmdum. Nefndir hafa komið að undirbúningi við fjárhagsáætlun eftir föngum og beint tillögum til bæjarráðs til úrvinnslu við fjárhagsgerðina.

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2019 og þriggja ára áætlun fyrir árin 2020-2022 er lögð fram í samræmi við 62. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, fyrir A-hluta og samantekinn reikning fyrir A- og B-hluta. Í A-hluta eru aðalsjóður, eignasjóður og áhaldahús. Í aðalsjóði er rekstur málaflokka sem fjármagnaðir eru með skatttekjum, framlögum úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga og þjónustutekjum. Eignasjóður fer með rekstur, viðhald, endurbætur og framkvæmdir fasteigna á vegum A-hluta og gatna- og vegamála. Í B-hluta eru: Hafnarsjóður, Vatnsveita, Leigueignir, Félagslegar íbúðir og Fráveita. Þessir sjóðir og/eða fyrirtæki starfa á grunni þjónustutekna og/eða álagningar í samræmi við lög um tekjustofna sveitarfélaga.

Tillaga að fjárhagsáætlun fyrir árið 2019 og þriggja ára áætlun 2020 til 2022 var samþykkt á fundi bæjarráðs mánudaginn 12. nóvember síðastliðinn til fyrri umræðu í bæjarstjórn. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum skal tillaga að fjárhagsáætlun vera samþykkt eftir síðari umræðu í sveitarstjórn fyrir 15. desember ár hvert.

Viðmið fjárhagsáætlunar

Helstu viðmið um afkomu og fjárhagsstöðu Seyðisfjarðarkaupstaðar eru:

1. Samanlögð heildarútgjöld til rekstrar vegna A- og B-hluta í reikningsskilum séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærri en nemur samanlögðum reglulegum tekjum.
2. Heildarskuldir og skuldbindingar A- og B-hluta í reikningsskilum séu ekki hærri en nemur 150% af reglulegum tekjum.
3. Framlegð rekstrar (niðurstaða fyrir afskriftir og fjármagnsliði) sé á bilinu 14–21%.
4. Veltufé frá rekstri sé ekki lægri fjárhæð en sem nemur afborgunum og vöxtum af langtímalánum.

Samantekt á helstu viðmiðum um afkomu og fjárhagsstöðu Seyðisfjarðarkaupstaðar viðkomandi niðurstöðu fjárhagsáætlunar 2019.

1. Samanlögð heildarútgjöld til rekstrar vegna A- og B-hluta í reikningsskilum séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærri en nemur samanlögðum reglulegum tekjum. Samkvæmt fjárhagsáætlun er samanlagður rekstur árunna 2019-2022 í A-hluta jákvæður sem nemur 14,6 milljónum króna og niðurstaða samstæðunnar jákvæð um 233,6 milljónir króna.

2. Heildarskuldir og skuldbindingar A- og B-hluta í reikningsskilum séu ekki hærri en nemur 150% af reglulegum tekjum. Samkvæmt áætluninni mun skuldaviðmið samstæðunnar í reikningsskilum um áramót 2018 verða 83,5% og í lok árs 2019 verður hlutfallið 84,6% var í árslok 2017 89%.
3. Framlegð rekstrar (niðurstaða fyrir afskriftir og fjármagnsliði) sé á bilinu 14–21%. Samkvæmt niðurstöðu fjárhagsáætlunarinnar verður EBITDA framlegð samstæðunnar árið 2019 14,0% lækkar frá uppgjöri ársins 2018 úr 15,2%. Ástæða er til að horfa sérstaklega til þess við yfirferð milli umræðna bæjarstjórnar um fjárhagsáætlunina.
4. Veltufé frá rekstri sé ekki lægri fjárhæð en sem nemur afborgunum og vöxtum af langtímalánum. Samkvæmt fjárhagsáætlun fyrir árið 2019 verður veltufé frá rekstri samstæðunnar 172,9 milljónir króna. Afborganir langtímalána nema hins vegar um 81,4 milljónum króna.

Tekjuforsendur

Reiknað er með að íbúafjöldi breytist lítið á árinu 2019. Íbúum fjölgaði lítillega frá árinu 2017. Gert er ráð fyrir að atvinnuástand verði sambærilegt og á árinu 2018 en atvinnustig hefur batnað frá árinu 2017 og næstu árum þar á undan, einkum vegna mun meiri löndunar afla og aukinna umsvifa í ferðapjónustu. Tekið er tillit til áhrifa kjarasamninga á tekjur en óvissa er varðandi niðurstöður yfirvofandi kjaraviðræðna og áhrifa þeirra. Tekið er mið af útreikningum frá Hag- og upplýsingasviði Sambands Íslenskra sveitarfélaga og áætlunum jöfnunarsjóðs varðandi framlög frá honum. Tekið er inn í útreikninga breytingar á fasteignagjaldstofni og miðað við að fasteignamat fyrir árið 2019 er 10,9% herra en fyrir árið 2018 og að lóðamat hækkar um 9,3% milli ára. Gert er ráð fyrir öðrum tekjum áætlunarinnar á forsendum samninga, þjónustugjalda og miðað við selt magn þjónustu.

Útgjaldaforsendur

Tekið er mið af verðbólguþátt Hagstofu Íslands. Jafnframt eru hafðir til hliðsjónar útreikningar frá Hag- og upplýsingasviði Sambands Íslenskra sveitarfélaga, upplýsingar frá Seðlabanka Íslands og greiningardeildum banka. Tekið er mið af launahækkunum samkvæmt kjarasamningum og spá um þróun launavísitölu. Miðað er við að yfirvinna verði takmörkuð eins og kostur er. Einnig er minnt hér á fyrrgreindan fyrirvara um stöðu kjarasamninga. Aðhalds verði áfram gætt í kaupum á vörum og þjónustu eins og verið hefur. Framlög og styrkir verða að mestu óbreytt miðað við yfirstandandi ár, þó verður einhver aukin framlög til íþrótt- og menningarmála.

Helstu niðurstöður fjárhagsáætlunar 2019

Fjárhagsáætlun Seyðisfjarðarkaupstaðar fyrir árið 2019, þriggja ára áætlun 2020 til 2022 og 10 ára áætlun, það er áætlun sem sýnir hvernig viðmiðum í 2. tl. 2. mgr. 64. gr. sveitastjórnarlaga verður náð eru hér lagðar fram fyrir fyrri umræðu. Í áætluninni er reiknað með að rekstrarniðurstaða A-hluti bæjarsjóðs verði Jákvæð um 1,1 milljónir króna eftir fjármagnsliði árið 2019. Gert ráð fyrir að niðurstaða A og B hluta eftir fjármagnsliði verði jákvæð um 48,4 milljónir

króna. Gert er ráð fyrir að veltufé frá rekstri samstæðunnar verði um 172,9 milljónir króna. Þar af verði veltufé frá rekstri A-hluta 72,9 milljónir króna samanborið við 71,9 milljónir króna frá fjárhagsáætlun fyrir yfirstandandi ár eða hækkun sem nemur 1 milljónum króna. Samkvæmt fjárhagsáætlun fyrir árið 2019 verða þær breytingar á eignum samstæðunnar að þær hækka um um 107,7 milljónir króna. Um er að ræða áhrif af fjárfestingum og afskriftum, svo og af rekstri samstæðunnar. Eigið fé samstæðunnar fer samkvæmt áætluninni úr því að vera um 365,9 milljónir króna samkvæmt útkomuspá í að verða á árinu 2019 414,3 milljónum króna. Langtímaskuldir hækkun úr 602,4 milljónum króna í 626,2 milljónir króna eða um 23,7 milljónir króna. Heildarskuldir og skuldbindingar samkvæmt fjárhagsáætlun 2019 nema 1.164,8 milljónum króna. Þróun lífeyrisskuldbindinga er nokkuð óhagstæð og nemur hækkun hennar frá árinu 2017 til ársloka 2019 45,3 milljónum króna þrátt fyrir vænta afborgun af henni uppá 31 milljón króna.

oo Skatttekjur

Í framlagðri tillögu að fjárhagsáætlun fyrir árið 2019 er gert ráð fyrir að skatttekjur, með framlögum úr Jöfnunarsjóði, nemi 665,5 milljónum króna samanborið við 619 milljónir króna í áætlun fyrir árið 2018. Samkvæmt því er gert ráð fyrir að skatttekjur með tekjum úr jöfnunarsjóði hækki um 7,5%.

Útsvar

Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2019 er gert ráð fyrir að útsvarsprósenta verði 14,52% sem er lögbundið hámark. Samkvæmt fjárhagsáætluninni er gert ráð fyrir að útsvarstekjur ársins 2019 nemi 392,2 milljónum króna samanborið við 368,5 milljónir króna í áætlun fyrir árið 2018. Tekjur af útsvari 2017 námu 345,3 milljónum króna.

Jöfnunarsjóður


Samkvæmt áætlun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verða tekjur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á árinu 2019 175,5 milljónir króna. Í áætlun fyrir árið 2018 var reiknað með að framlög jöfnunarsjóðs næmu 160,9 milljónum króna. Það er hækkun sem nemur 14,6 milljónum króna. Tekjur úr jöfnunarsjóði árið 2017 námu 135,6 milljónum króna.

Fasteignagjöld

Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2019 er reiknað með að fasteignaskattur á íbúðarhúsnæði (A) verði 0,625% af fasteignamati húss og lóðar. Fasteignaskattur á opinberar húseignir í eigu ríkisins (B) er 1,32% af fasteignamati húss og lóðar. Fasteignaskattur á atvinnuhúsnæði (C) er 1,65% af fasteignamati húss og lóðar. Gert er ráð fyrir að lóðarleiga verði 2%. Gert er ráð fyrir að holræsagjald verði 0,335% af stofni. Vatnsskattur vegna íbúðarhúsnæði (A) verði 0,320% og vatnsskattur vegna atvinnuhúsnæðis (B) verði 0,445%

Gjaldskrár

Áhersla hefur verið lögð á af hálfu bæjarráðs og hafnarmálaráðs að lágmarka hækkanir á gjaldskrá, horft verður til aðhalds hvað útgjöld varðar. Í tillögum um gjaldskrárbreytingar er öllu jöfnu miðað við að gjöld hækki um 5%. Tillögur um gjaldskrárbreytingar nú eru nokkuð mismunandi eftir gjaldskrá. Þær taka mið af útgjaldaaukningu og því að fyrri ákvarðanir hafa í einhverjum tilvikum verið full varfærnar. Þannig mun gjaldskrá leikskóla einungis hækka um 2,5%, gjaldskrá Tjaldsvæðis hækkar ekkert og stakir miðar í Sundhöllina hækka ekkert. Hunda- og katta leyfisgjöld haldast óbreytt á milli ára. Afslættir til nema, öryrkja og eldir borgara verði með áþekku sniði og árið 2018. Hafnarmálaráð hækkar gjaldskrá um 5% utan við að festargjöld verða óbreytt á milli ára og farþegagjald hækkar í 75kr.



Mynd 1. Skipting heildartekna samkvæmt rekstrarreikningi áætlunarinnar.

02 Félagsþjónusta

Gert er ráð fyrir að útgjöld vegna félagsþjónustu hækki nokkuð samanborið við heimildir í fjárhagsramma en að starfsemin verði í meginatriðum áþekkt og á yfirstandandi ári. Helstu breytingar milli ára vegna félagsþjónustu eru eftirfarandi. Gert er ráð fyrir að útgjöld vegna félagsmálastofnunar hækki sem nemur 2,4 milljón króna. Reiknað er með að þörf fyrir fjárhagsaðstoð aukist nokkuð umfram það sem gert var ráð fyrir í fjárhagsramma eða úr 1,5 milljónir króna í 2 milljón króna. Reiknað er með að heildarútgjöld málaflokksins 2019 að frádregnum tekjum nemi 36,1 milljónir króna. Í áætlun fyrir árið 2018 var gert ráð fyrir 33,6 milljónum króna. Í málaflokkinn fóru árið 2018 34,4 milljónir króna skv. útkomuspá ársins. Málaflokkurinn er utan fjárhagsramma.

03 Heilbrigðismál

Gert er ráð fyrir að útgjöld vegna Heilbrigðismála hækki óverulega milli ára. Reiknað er með að heildarútgjöld málaflokksins 2019 að frádregnum tekjum nemi 1,4 milljónir króna. Í áætlun fyrir árið 2018 var gert ráð fyrir 1,4 milljónum króna. Í málaflokkinn fóru árið 2018 1,1 milljónir króna skv. útkomuspá ársins. Málaflokkurinn er innan fjárhagsramma.

04 Fræðslu- og uppeldismál

Í tillögu að fjárhagsáætlun fyrir árið 2019 er gert ráð fyrir að útgjöld til fræðslumála í heild nemi 295,1 milljónum króna samanborið við 256,1 milljónum króna í fjárhagsáætlun fyrir árið 2018. Útgjöld vegna fræðslumála námu 277,9 milljónum króna árið 2018 skv. útkomuspá ársins. Um er að ræða útgjöld að frádregnum tekjum af innheimtum þjónustugjöldum og öðrum tekjum. Málaflokkurinn er í áætluninni með útkomu sem nemur 21,8 milljónum krónu umfram úthlutaðan fjárhagsramma sem ræðst af þróun launakostnaðar og starfsmannahaldi.

05 Menningarmál

Í áætluninni er reiknað með að útgjöld til menningarmála að frádregnum tekjum nemi 56,6 milljónum króna. Árið 2018 var gert ráð fyrir í áætlun 46,4 milljónum króna. Rekstur málaflokksins árið 2018 nam 49,9 milljón króna að frádregnum tekjum sem námu 25,6 milljónum króna skv. útkomuspá. Eins og áður er áætlað fyrir launum starfsmanna í sumarvinnu á deildir sem njóta starfskrafta þeirra. Á það við um Tækniminjasafnið, Skaftfell og Kirkjubýggingar. Í tillögunni er áætlað fyrir tekjum og útgjöldum vegna LungA listahátíðar en miðað hefur verið við að reka hátíðina á grundvelli tekna sem tekst að afla til hennar og beinum framlögum kaupstaðarins í fjárhagsáætlun. Einnig er áætlað fyrir List í ljósi á grundvelli rekstraráætlunar fyrir viðburðinn. Miðstöð menningarfræða er áfram færð undir málaflokknum þar sem framlög til hennar koma beint til kaupstaðarins af fjárlögum Alþingis, útgjöld greiðast síðan til umsjónaraðila í samræmi við ábyrgðaraðilasamning þar um sem verður endurskoðaður í lok árs.

06 Æskulýðs- og íþróttamál

Gert er ráð fyrir að útgjöld til íþróttar og æskulýðsmála að frádregnum tekjum nemi 64,0 milljónum króna. Í áætlun ársins 2018 var gert ráð fyrir að útgjöld næmu 59,4 milljón króna. Útgjöld vegna málaflokksins árið 2017 námu tæpum 53,4 milljónum króna.

07 Brunamál og almannavarnir

Áætluð útgjöld vegna bruna- og almannavarna nema 20,9 milljónum króna. Í áætlun ársins 2018 var gert ráð fyrir að útgjöld næmu 15,9 milljón króna. Útgjöld vegna rekstrar málaflokksins námu

12,2 milljónum króna árið 2017. Hækkun skýrist af endurnýjun búnaðar slökkviliðs og breytinga vegna kjarasamninga slökkviliðsmanna.

08 Hreinlætismál

Áætluð útgjöld vegna hreinlætismála nema 7,1 milljónum króna. Í áætlun ársins 2018 var gert ráð fyrir að útgjöld næmu 7,0 milljón króna. Útgjöld vegna rekstrar málaflokksins námu 6,3 milljónum króna árið 2017. Málaflokkurinn er innan fjárhagsramma ársins 2018 skv. útkomuspá.

09 Skipulags og byggingamál

Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir að útgjöld vegna skipulags og byggingarmála nemi 21,1 milljónum króna. Fyrir árið 2018 voru áætlaðar 14,5 milljónir króna. Stærsta einstaka breytingin liggur í verkefninu Verndarsvæði í byggð og byggist á mótframlagi á móti styrk til þess frá Minjastofnun er sveitarfélagið fékk árið 2018. Fyrir liggur að unnið verði að breytingum á aðalskipulagi og þörf er á að halda áfram vinnu við deiliskipulagsgerð. Málaflokkurinn er að framansögðu nokkuð umfram ramma fjárhagsáætlunar.

10 Umferðar og samgöngumál

Gert er ráð fyrir að útgjöld til málaflokksins fyrir árið 2019 nemi 24,6 milljónir króna, samanborið við 23,9 milljónir króna fyrir árið 2018. Árið 2017 námu útgjöld 21,9 milljónum króna. Málaflokkurinn er aðeins umfram ramma fjárhagsáætlunar.

11 Umhverfismál

Reiknað er með að útgjöld til umhverfismála verði 19,6 milljónir króna. Í áætlun fyrir árið 2018 námu útgjöld til málaflokksins 22,3 milljónum króna Niðurstaða ársins 2017 var 13,8 milljón króna.

13 Atvinnumál

Samkvæmt fjárhagsáætlun verða útgjöld vegna málaflokksins árið 2019 16,2 milljónir króna. Í áætlun fyrir árið 2018 var gert ráð fyrir 22,5 milljónum króna. Málaflokkurinn er innan ramma fjárhagsáætlunar.

21 Sameiginlegur kostnaður


Gert er ráð fyrir að sameiginlegur kostnaður nemi 63,9 milljónum króna árið 2019. Fyrir árið 2018 var áætlað að sameiginlegur kostnaður næmi 60,2 milljónum króna. Niðurstaðan 2018 nam 68,0 milljónum króna skv. útkomuspá. Málaflokkurinn er nokkuð umfram ramma fjárhagsáætlunar og eru helstu skýringar eftirfarandi: Útgjöld vegna bæjarskrifstofu hækkar sem nemur 6,3 milljónum króna vegna kostnaðar við persónuverndarfulltrúa, launabreytinga bæjarstjóra og vegna launakostnaðar við fjármálastjóra/aðalbókara.

22 Breyting lífeyrisskuldbindinga

Reiknað er með að niðurstaða þessa málaflokks nemi 42,1 milljónum króna samanborið við 42,7 milljónir króna í áætlun fyrir árið 2018. Skv. útkomuspá ársins 2018 er áætlað að niðurstaða þessa málaflokks verði 33 milljónir króna. Árið 2017 nam breyting lífeyrisskuldbindingar 30,5 milljónum króna. Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir gjaldfærðri og greiddri breytingu lífeyrisskuldbindinga.

28 Fjármagnsliðir

Samkvæmt fjárhagsáætlun 2019 verður niðurstaða af fjármagnsliðum það er fjármagnstekjur að frádregnum fjármagnsgjöldum neikvæð um 4,0 milljónir króna samanborið við neikvæða niðurstöðu í áætlun fyrir árið 2018 sem nam 0,5 milljónum króna. Niðurstaða ársins 2017 var neikvæð sem nam 16 þúsundum króna.




Mynd 2. Hlutfallsleg skipting útgjalda milli málaflokka samkvæmt fjárhagsáætlun fyrir 2019.

31 Eignasjóður

Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2019 er gert ráð fyrir jákvæðri afkomu sem nemur 16,1 milljónum króna. Í áætlun 2018 var reiknað með jákvæðri afkomu að upphæð 13,4 milljónum króna. Afkoman árið 2017 var jákvæð um 35,3 milljónir króna. Gert er ráð fyrir um 26,5 milljónum króna til viðhalds.

33 Þjónustustöð

Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2019 er gert ráð fyrir að útgjöld vegna þjónustustöðvar umfram tekjur verði um 4,9 milljónir króna. Í áætlun fyrir árið 2018 var reiknað með að útgjöld umfram tekjur næmu 10,9 milljón króna. Árið 2017 námu útgjöld vegna þjónustumiðstöðvarinnar tæpum 15,2 milljónum króna. Áætlunin fyrir þjónustustöð er í samræmi við ramma fjárhagsáætlunar.



Mynd 3. Þróun tekna hafnarsjóðs milli ára.

41 Hafnarsjóður

Í fjárhagsáætlun hafnarsjóðs fyrir árið 2019 er gert ráð fyrir að tekjur af hafnargjöldum og seldri þjónustu nemi 202,1 milljónum króna. Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2018 var reiknað með að þær næmu 176,5 milljónum króna. Á árinu 2017 voru tekjur hafnarsjóðs af almennum hafnargjöldum og þjónustugjöldum 190,9 milljónir króna. Tekjur hafnarsjóðs eru háðar nokkurri óvissu. Undanfarin ár hafa verið nokkuð hagstæð einkum vegna magns landaðs uppsjávarafla og bolfiskafla. Ekki er gert er ráð fyrir löndun loðnu á næsta ári. Skemmtiferðaskip verða að líkindum fleiri en árið 2018 en umsvif flutninga hjá Norröna með svipuðum hætti. Gert er ráð fyrir jákvæðri

afkoma hafnarsjóðs árið 2019 sem nemur 35,3 milljónum króna samanborið við 36,9 milljónir króna í áætlun fyrir árið 2018. Gert er ráð fyrir að fjármagnsgjöld nemi 18,8 milljónum króna samanborið við 19,2 milljónir króna í áætlun fyrir árið 2018. Árið 2017 var afkoma hafnarsjóðs jákvæð sem nam 54,1 milljónum króna. Miðað er við að áfram verði unnið markvisst að markaðssetningu hafnarinnar. Gert er ráð fyrir 30 milljónum króna til endurbóta og frágangs á viðlegu og hafnarsvæðum og 10 milljónum króna vegna endurgerðar Ránargötu 2.

43 Vatnsveita

Í áætlun fyrir árið 2019 er gert ráð fyrir að rekstur vatnsveitunnar skili jákvæðri niðurstöðu sem nemur 7,3 milljón króna eftir fjármagnsliði. Í áætlun fyrir 2018 var gert ráð fyrir að jákvæð niðurstaða yrði 4,5 milljónir króna. Niðurstaða rekstrar eftir fjármagnsliði árið 2017 var jákvæð um 11,8 milljónir króna.

55 Leigueignir

Reiknað er með að útgjöld vegna leigueigna árið 2019 verði um 1 milljónir króna eftir fjármagnsliði sem nema 2,1 milljónum króna. Það er sambærilegt við fjárhagsáætlun 2018. Rekstrarniðurstaða ársins 2017 var neikvæð sem nam 0,2 milljónum króna.

57 Félagslegar íbúðir

Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2019 er gert ráð fyrir að jákvæð niðurstaða verði af rekstri félagslegra íbúða sem nemur 0,8 milljónum króna. Í áætlun fyrir árið 2018 var gert ráð fyrir að niðurstaðan yrði jákvæð sem næmi 2,1 milljón króna. Jákvæð afkoma varð af rekstrinum 2017 að upphæð 4,2 milljónum króna.

61 Fráveita

Samkvæmt fjárhagsáætlun fyrir árið 2019 er gert ráð fyrir að rekstur fráveitunnar verði jákvæður um 4,8 milljónir króna. Í áætlun ársins 2018 var gert ráð fyrir að jákvæð niðurstaða næmi 4,3 milljónum króna. Rekstrarniðurstaðan 2017 var jákvæð sem nam 2,0 milljónum króna.

Framkvæmdir og fjárfestingar 2019

A Hluti

Eignasjóður	70.000.000	Samtals
Seyðisfjarðarskóli	10.000.000	
Sundhöllin	5.000.000	
Gatnagerð	12.000.000	
Félagsheimilið Herðubreið	10.000.000	
Ljósleiðari	3.000.000	
Tjaldstæði	3.000.000	
Sparkvöllur	2.000.000	
Knattspyrnuv. við Garðarsveg	35.000.000	

B Hluti

Hafnarsjóður	40.000.000	Samtals
Áhaldahús	10.000.000	
Hafnamannvirki	30.000.000	
Félagslegar íbúðir	20.000.000	Samtals
Múlavegur 34 - 40	20.000.000	
Vatnsveita	7.500.000	Samtals
Vatnslagnir	7.500.000	
Fráveita	7.500.000	Samtals
Holræsi	7.500.000	
Samtals fjárfesting ársins 2019	155.000.000	

Eignasjóður

Gerð er tillaga um framlag um fjárfestingar í eignasjóði að upphæð 45 milljónir króna. Miðað er við að ráðstafa stærstum hluta þeirra fjármuna til fótboltavallar svo og til Herðubreiðar.

Hafnarsjóður


Hafnarmálaráð gerir tillögu um að fjárfestingar í endurbætur á viðlegu, hafnarmannvirkjum og hafnarsvæði nemi 30 milljóna króna og 10 milljónum króna til endurgerðar Ránargötu 2, áhaldahússins.

Vatnsveita

Þörf er fyrir að undirbúa endurnýjun stofnlagnar dreifikerfis frá vatnshreinsistöð og þörf á að taka áætlanir til skoðunar í tengslum við þriggja ára áætlun þó svigrúm sé takmarkað.

Fjármögnun

Af hálfu bæjarráðs og hafnarmálaráðs er fylgt þeirri stefnu í framlagðri tillögu að fjárhagsáætlun fyrir árið 2019 - 2022 að miða við að framkvæmdir verði fjármagnaðar af handbæru fé og lánsfé. Lántökum verði þó stillt í hóf svo skuldaviðmiðunarhlutfall sveitarfélagsins haldi áfram að lækka.



Mynd 4. Skuldaviðmiðunarhlutfallið er reiknað út í samræmi við reglugerð nr. 458/2018 um breytingu á reglugerð um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálums sveitarfélaga, nr. 502/2012. Skuldaviðmiðunarhlutfall ársins 2017 hefur verið enduruppreiknað í samræmi við reglugerðina.

Þriggja ára áætlun

Í Þriggja ára áætlun fyrir árin 2018 til 2020 er ekki gert ráð fyrir breytingum á rekstri eða starfsemi umfram það sem nemur þróun starfseminnar milli árana 2017 og 2018.

10 ára áætlun

Samkvæmt áætlun um hvernig viðmiðum 2. tl. 2. mgr. 64. gr. sveitarstjórnarlaga var viðmiðinu náð í árslok 2014. Rétt er þó að vekja athygli á neikvæðum áhrifum hækkunar lífeyrisskuldbindinga á viðmiðið. Til glöggvunar er lagatilvísunin klippt hér inn skáletruð. „2. heildarskuldir og skuldbindingar A- og B-hluta í reikningsskilum skv. 60. gr. séu ekki hærri en nemur 150% af reglulegum tekjum.“

Forstöðumönnum og starfsmönnum er þakkað fyrir gott samstarf við vinnslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2019. Fulltrúum í bæjarráði, hafnarmálaráði og nefndum þakka ég fyrir gott samstarf við gerð hennar. Sigurði Álfgeiri Sigurðarsyni ráðgjafa frá Deloitte sem ráðinn var til þess að vinna með bæjarstjórn að fjárhagsáætluninni, þakka ég fyrir góða verkstjórn og góða vinnu við verkið. Fjárhagsáætlun og gjaldskrár fyrir Seyðisfjarðarkaupstað, stofnanir, fyrirtæki og sjóði hans fyrir árið 2019 ásamt þriggja ára áætlun fyrir árin 2020 til 2022 og 10 ára áætlun eru hér með lagðar fram til fyrri umræðu og leggur bæjarstjóri til að þær verði samþykktar til síðari umræðu.

12. desember 2018

Aðalheiður Borgþórsdóttir

Bæjarstjóri Seyðisfjarðarkaupstaðar